

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis  
Skrifstofu Alþingis  
101 Reykjavík

Reykjavík 26. september 2016

**Umsögn um: 870. mál, frumvarp til laga um höfundalög (eintakagerð til einkanota).**

FÍT, klassísk deild FÍH hefur fengið áður nefnt frumvarp sem fjallar um breytingu á 11. gr. höfundalaga nr. 73/1972 til umsagnar.

Breytingin sem lögð er til í frumvarpinu snýr að því rétta hlut höfunda, flytjenda og framleiðenda þegar gerð eru eintök til einkanota af verkum og flutningi þeirra. Allt frá árinu 1984 hefur verið greitt gjald fyrir þessa eintakagerð, svonefnt IHM gjald. Gjaldstofninn hefur langt í frá fylgt þeirri miklu þróun sem átt hefur sér stað í upptökutækni á síðustu áratugum. Það er því langt frá því að öll þessi nýju not hafi fengist bætt.

Frumvarp þetta bætir þá brýnu þörf sem nú er til staðar til úrbóta. Svipuð leið er farin og tíðkast í mörgum vestrænum ríkjum, en hverju ríki ber í þessum efnum að uppfylla tilskipun Evrópusambandsins og viðkomandi landslög. Þau ákvæði sem hér um ræðir fela það í sér að rétthöfum er bætt þau not sem lúta að eintakagerð til einkanota á höfundavörðu efni.

Stjórn FÍT styður eindregið að þetta frumvarp verði samþykkt, en augljóst er að hafa þarf hraðar hendur til að ljúka megi málinu fyrir þinglok.

Virðingarfyllst

F.h. stjórnar

Hlín Pétursdóttir Behrens, formaður